

67

24. apríl

L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 100 000 000 — eitt hundrað milljónir króna — eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs taki lán þau, er um ræðir í 1. málsg., og endurláni féð Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

68

24. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.

Prestssetur: Höfðakaupstaður.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestsseturshús í Höfðakaupstað.

Bráðabirgðaákvæði.

68

Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestsseturshús í Höfðakaupstað, enda fylgi því að minnsta kosti 5 hektara ræktunarland, og að því loknu að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

24. apríl

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

69

24. apríl

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

HÁNDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venjulegu meðferð einkamála í héraði.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almennum reglum.

3. gr.

Síðari másl. 18. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Með lögum þesum eru úr gildi numin lög nr. 40 31. maí 1927.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Merkjámál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistökudag laganna, fara eftir eldri reglum.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.